

Skipulag

Skoðanir eru framkvæmdar á tveimur tímabilum yfir árið, annars vegar á tímabilinu frá upphafi janúar til loka mars og hins vegar frá lokum sláturtíðar að hausti fram undir jól. Framkvæmd klínískra skoðana byggir á 10. grein reglugerðar nr. 1570/2025 um riðuveiki í fé.

Héraðsdýralæknir ber ábyrgð á framkvæmd og utanumhald í samráði við sérgreinadýralækni jórturdýrasjúkdóma og sérfræðing riðumála.

Héraðsdýralæknir tilnefnir eftirlitsdýralækni eða verktaka til verksins hverju sinni. Tryggja skal að hver sá sem sinnir skoðuninni fá leiðsögn þar um. Sinni verktaki skoðunum heldur hann skrá um nýttá tíma og akstur og sendir til héraðsdýralæknis til afgreiðslu.

Í hverju umdæmi er haldinn listi yfir áhættu- og riðubú á svæðinu og merkt við framvindu skoðana yfir árið.

Framkvæmd skoðunar

1 x ári á riðubúum og áhættubúum í 2. og 3. áhættuflokki.

2 x ári á áhættubúum í 1. áhættuflokki.

Eigið eftirlit bóndans er mikilvægast við eftirlit með riðugrun heima á bæjum, opinber klínísk skoðun er viðbót við það og bændum að kostnaðarlausu. Því er gott að hefja heimsóknina á að ræða almennt við bóndann um heilsufar kindanna og spyrja hvort hann vilji skoða einhverja gripi sérstaklega.

- Heimsóknirnar fara fram á virkum dögum, nema því aðeins að bændur óski sérstaklega eftir því að fá heimsókn á laugardegi vegna aðstæðna heima fyrir
- Heimsóknirnar eru skipulagðar með fyrirvara eftir því sem kostur er og í samráði við bændur
- Við framkvæmd klínískrar skoðunar er tekið mið af nýjustu þekkingu á sjúkdómnum riðuveiki á hverjum tíma og áhersla lögð á að skoða kindur á aldrinum 2ja vetra til og með 5 vetra.
- Skoðunin fer fram með því að ganga um húsin, ganga og garða. Óþarft er að fara ofan í krær nema því aðeins að skoða þurfi einstaka grunsamlega gripi.
- Séu kindur með ARR haldnar í sér stíum/króm þarf ekki að skoða þær sérstaklega.
- Vakni grunur um riðu leitar skoðunarmaður ávallt álits hjá sérfræðingum stofnunarinnar á einkennum sjúkdómsins. Mun hann/þeir þá koma á staðinn, framkvæma ítarlegri skoðun og ef við á taka sýni úr grunsamlegum grip/gripum.

Í lok tímabils er farið yfir niðurstöður og skráningar og metið hvernig til tókst. Ef ástæða þykir til eru breytingar eða umbætur gerðar á ferlinu áður en næsta tímabil hefst.